



## Markaðsstofa Suðurlands

### Fundargerð

2. Stjórnarfundur Markaðsstofu Suðurlands var haldinn í Fjölheimum mánudaginn 5. september 2016. Fundur var settur kl 10:00

Fundinn sátu:

*Dagný Hulda Jóhannsdóttir framkvæmdastjóri Markaðsstofu Suðurlands*

*Ása Valdís Árnadóttir formaður, fulltrúi Visit South Iceland ehf*

*Þórður Freyr Sigurðsson, fulltrúi SASS*

*Gunnar Þorgeirsson, fulltrúi SASS*

*Sigurlaug Gissurardóttir, fulltrúi Ferðamálafélags Austur-Skaftafellssýslu*

*Magnús Bragason, Fulltrúi Ferðamálasamtaka Suðurlands (í síma)*

*Sigurdís Lilja Guðjónsdóttir, Fulltrúi Ferðamálasamtaka Suðurlands*

*Ragnhildur Sveinbjarnardóttir, verkefnastjóri Markaðsstofu Suðurlands*

*Þorsteinn G. Hilmarsson, verkefnastjóri Markaðsstofu Suðurlands*

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ragnhildur Sveinbjarnardóttir

### Dagskrá:

#### Starfsmannamál Markaðsstofunnar

Þorsteinn G. Hilmarsson var ráðinn í starf verkefnastjóra og hóf hann störf 1. september. Um ráðningarferlið sáu framkvæmdastjóri, formaður stjórnar ásamt stjórnarmeðlim. Alls bárust 38 umsóknir í starf verkefnastjóra, 10 voru boðnir í fyrsta viðtal og 3 í seinna viðtal.

Valgerður Pálsdóttir, sem hafði starfað í afleysingu og í hlutastarfi í framhaldinu lét af störfum 31. ágúst. Þökkum við Valgerði fyrir vel unnin störf og óskum henni góðs gengis á nýjum vettvangi.

Stækkun skrifstofuaðstöðu í Fjölheimum er til skoðunar. Ekki er komin lausn ennþá en verður tekið fyrir um leið og þörf annara rekstareininga í Fjölheimum er ljós.

Ákveðið var að gera sérstaka Dropbox möppu fyrir gögn er varða stjórn sem framkvæmdastjóri, formaður og varaformaður hafa aðgang að.

#### Upplýsingaveituverkefni - FMST

Markaðsstofan fékk send drög að lokaskýrslu frá Ferðamálastofu um upplýsingaveitur til umsagnar áður en skýrsla var send til ráðuneytisins. Skila átti athugasemdum fyrir 2. september en óskað var eftir frestun til að geta lagt fyrir þau fyrir stjórn og rætt innan MAS (Markaðsstofa landshlutanna).

Stjórn samþykkir að senda athugasemdir þess efnis að óska eftir frekari upplýsingum um hvernig verkefnum og fjármagni komi til með vera háttað. Þá tekur stjórn undir gagnrýni Austurbrúar í þeirra athugasemdum til Ferðamálastofu þess efnis það verði að fylgja aukið fjármagn til kjarnaveita.

Vinna um stefnumótandi stjórnunaráætlanir (Destination Management Plan, DMP) með Stjórnstöð ferðamála.

Farin er af stað vinna með Stjórnstöð ferðamála og Ferðamálastofu um stefnumótandi stjórnunaráætlanir. Markaðsstofur landshlutanna tilnefndu fulltrúa frá Markaðsstofu Vestfjarða í stýrihóp og hefur Markaðsstofa Suðurlands gefið kost á sér í ráðgjafahóp. Dagný kynnti þá vinnu sem er framundan og upplýsti um mögulegar tilnefningar á Suðurlandi í svokölluð „pilot“ verkefni. Framkvæmdastjóra er falið að gæta hagsmuna Suðurlands í þessari vinnu, til að mynda að okkar landshluti fái ekki minni þjónustu sérfræðinga t.d. ef svæði á Suðurlandi eru mögulega komin lengra í undirbúningsvinnu en í öðrum landshlutum.

Samstarf við SASS

Framkvæmdastjórar MSS og SASS hafa rætt hvort þessar einingar gætu skipt á milli sín verkefnum þar sem þekking og krafta á ákveðnum sviðum nýttust betur. Gögn þess efnis lögð fyrir og framkvæmdastjóra falið að vinna áfram með þetta mál, kanna hugsanlega hagræðingu, kostnað og fleira.

Gunnar greinir frá því að MSS geti verið með kynningu á niðurstöðum markaðsgreiningar á ársþingi SASS sem fer fram á Hnappavöllum 20.-21. október nk.

Verkefni sl. mánaða

- Útgáfa landshlutakorts
- Útgáfa landshlutabæklings
- Útgáfa MSS bæklings, sendur til aðila í ferðaþjónustu á Suðurlandi sem ekki eru aðilar að Markaðsstofunni
- Markaðsgreining – eftirfylgni, fundir, næstu skref
- Verkefnavinna fyrir SASS
- Undirbúningur blaðamannaferðar með Íslandsstofu (Iceland Academy)
- Undirbúningur Pre-tours fyrir Vestnorden
- Undirbúningur VestNorden ferðakaupstefnu
- Undirbúningur og gerð sveitarfélagasíðna
- Fjöldi blaðmannafyrirspurna / fjölmiðlaverkefna
- Innheimta aðildargjalda
- Ný aðildarfyrirtæki (fundir, liður í CRM stefnu)
- Undirbúningur og ráðning verkefnastjóra
- Undirbúningur MAS haustráðstefnu sem haldin verður 15. september
- MAS samstarf, erindi um fjármögnun Markaðsstofanna til ráðherra
- Fundur með samstarfshópi um ferðamál á Suðurlandi
- Kynningarferð (ir) – Vestmannaeyjar vel heppnuð, Miðsvæði felld niður sökum lítillar þátttöku
- Afhending Vakaverðlauna fyrir hönd FMST
- Ýmsir fundir, ráðstefnur, kynningar og fleira

## Verkefni framundan

- **VestNorden** – sýning með nýju fyrirkomulagi þar sem Suðurland mun koma fram sem ein heild í einum bás. Kostnaður við sýningar fram til þessa er undir kostnaðaráætlun svo samþykkt var í stjórn að verja fjármagni í hönnun á nýjum renningum og fleiru til að samræma útlit á bás fyrir allan landshlutann.
- **Pretour** í tengslum við VestNorden
- **Blaðamannaferð** með Íslandsstofu – Iceland Academy
- **Niðurstöður markaðsgreiningar** – loka verkefninu, innleiðing innan MSS og annarsstaðar, kynningarfundir og fl.
- **Námskeið/handleiðsla** fyrir fyrirtæki þar sem niðurstöður markaðsgreiningar eru kynntar/kenndar (styrkur frá FMST)
- Kynning á **niðurstöðum markaðsgreiningar á ársþingi SASS**
- **Vinna umsóknir vegna áhersluverkefna** (markaðsgreining/samræming/framhald og tölulegar upplýsingar/samantekt/samanburður)
- **Samningur við SASS** – áframhaldandi vinna við áhersluverkefni, ráðgjöf og haustúthlutun Uppbyggingasjóðs
- Undirbúningur **Mannamóts**
- Undirbúningur fyrir sýningu í **London í nóvember (WTM)** – með Íslandsstofu
- Verkefni vegna **DMP vinnu** með Stjórnstöð ferðamála (kynningarfundir, ráðgjafahópur og fleira)
- Verkefni **vegna Kjarnaveitu – FMST**
- Fundir með **samstarfshópi um ferðamál** (m.a. kortagerð í samræmi við niðurstöður Markaðsgreiningar)
- **Heimasíðan** – áframhaldandi vinna við sveitarfélagasíður og fleira
- **Samfélagsmiðlar** -móta stefnu á þessum miðlum í samræmi við markaðsgreiningu
- **Aðildarfyrirtæki – styrkja samstarf**
- Heimsókn/námsferð til Reykjanes Geopark

## Önnur mál

Engin önnur mál á dagskrá og fundi slitið kl. 11:45